



Fundargerð landbúnaðarnefndar 13.febrúar 2020

Fundur nr. 8 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd Vopafjarðarhrepps fimmtudaginn 13. febrúar 2020 í félagsheimilinu Miklagarði kl 19:00.

Mætt til fundar: Sigurjón H. Hauksson, Sigurbóra Hauksdóttir, Geirmundur V. Jónsson, Eyþór B. Bragason, Silvia Windman, Svanur Arthúrsson, Jóhann L, Einarsson.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. mál: Samningur um heiðarkofa Vopnafjarðarhrepps.

Nefndin fór yfir og ræddi samninginn og samþykkti drögin samhljóða og vísar áframhaldandi vinnslu til hreppsnefndar.

2. mál: Önnur mál.

Samningur um refaveiðar á grenjum.

Dreift var til nefndarinnar samningi sem gildir um grenjavinnslu í Langanesbyggð.

Lagt til að sambærilegur samningur verði gerður við gernjavinnslu í Vopnafjarðarhreppi

Og er það samþykkt samhljóða.

Urðun á hræum og slíkum úrgangi.

Rætt var um fyrirkomulag á urðun og innheimtu á urðunargjaldi,

Til atkvæða teknar tillögur um að ákveðinn tími (t.d hálfsmánaðalega og jafnvel oftár í Maí) verði valinn og auglýstur til móttöku á hræum og slíkum úrgangi frá bændum til urðunar.

Innheimta á urðun einnig rædd og tillaga um að fast gjald verði sett á hvert bú t.d 15 þús.

Samþykkt samhljóða og vísað til hreppsnefndar.

Minkaveiðar.

Vegna tengingar við málið yfirgefur Geirmundur V. fundinn

Landbúnaðarnefnd leggur til að sambærilegur samningur er gerður var við Geir Þóroddson 12. ágúst 2016 verði gerður við eftirtalda minkaveiðimenn

Pétur V. Jónsson, Geirmundur V. Jónsson og Stefán Hrafnsson.

Vilyrði er um styrk til minkaveiða frá Veiðifélögum í Vopnafirði.

Nefndin leggur til breytingu um hækkaða gjaldskrá fyrir veidd dýr úr 3000kr í 5000kr

Að lokum leggur landbúnaðarnefnd til að samningar sem gerðir verða um minka og refaveiðar verði vísitölutengdir.

Lagt til atkvæða og samþykkt samhljóða

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 21:15